



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MENDELSSOHN OG BEETHOVEN

28. MARS
2019

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

An Impression on a Windy Day: 8'

Fiðlukonsert: 28'

Sinfónía: 40'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIM 28 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

MENDELSSOHN OG BEETHOVEN

Yan Pascal Tortelier

hljómsveitarstjóri

Judith Ingólfsson

einleikari

EFNISSKRÁ

Sir Malcolm Sargent

An Impression on a Windy Day (1921)

Felix Mendelssohn

Fiðlukonsert í e-moll, op. 64 (1838–44)

Allegro molto appassionato –

Andante –

Allegretto ma non troppo – Allegro molto vivace

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 7 í A-dúr, op. 92 (1811–12)

Poco sostenuto – Vivace

Allegretto

Presto

Allegro con brio

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu; faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Tortelier tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2016.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Fílharmónien í Ósló, Filarmonica della Scala í Milánó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníusveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montréal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandosútgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulsterhljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Árið 2017 var hann sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskra tónlistar á heimsvísu.




JUDITH INGÓLFSSON

EINLEIKARI

Judith Ingólfsson er fædd í Reykjavík, dóttir Ketils Ingólfssonar stærðfræðings og Ursulu eiginkonu hans. Hún fór í sína fyrstu fiðlutíma hjá Jóni Sen þriggja ára gömul og hóf nám við Tónmenntaskólann í Reykjavík fjögurra ára þar sem Gígja Jóhannsdóttir var kennari hennar. Judith kom í fyrsta sinn fram í Ríkissjónvarpinu fimm ára og hljóðritaði fyrir Ríkisútvarpið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands þegar hún var átta ára. Fjölskylda hennar fluttist til Bandaríkjanna árið 1980 og þar hélt hún áfram námi, hlaut inngöngu í hinn virta Curtis-tónlistarháskóla aðeins fjórtán ára gömul. Þar stundaði hún nám hjá Joseph Brodsky, en lauk síðar meistaraþráðu frá Cleveland Institute of Music .

Judith vakti fyrst verulega athygli þegar hún hlaut verðlaun í Paganini-keppninni í Genúa, og árið 1998 hrepti hún fyrstu verðlaun í alþjóðlegu fiðlukeppninni í Indianapolis. Hún hefur komið fram með fjölda þekktra hljómsveita, m.a. Philadelphia-hljómsveitinni, Þjóðarhljómsveitinni í Washington D.C. og Fílharmóníusveitinni í Búdapest. Judith hefur margsinis komið fram með einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, var meðal annars einleikari í tónleikaferð hljómsveitarinnar um Bandaríkin árið 2000 og lék þá bæði í Carnegie Hall og Kennedy Center. Hún hefur hljóðritað tíu geisladiska, en fyrir frumraun sína á því sviði hlaut hún Chamber Music of America-verðlaunin.

Judith er nú prófessor við Tónlistarháskólann í Stuttgart en er búsett í Berlín ásamt eiginmanni sínum, Vladimir Stoupel píanóleikara. Þau hafa leikið margoft á Íslandi undanfarin ár, bæði saman og hvort í sínu lagi. Meðal geisladiska þeirra eru þrjár diskar fyrir Accentus-plötuforlagið þar sem þau flytja verk eftir frönsk tónskáld frá fyrstu áratugum 20. aldar. Í gær kenndi Judith námskeið við MÍT (Menntaskóla í tónlist) þar sem hún leiðbeindi fimm fiðlunemendum í verkum eftir m.a. Mozart, Schumann og Brahms. Judith leikur á fiðlu sem Lorenzo Guadagnini smíðaði árið 1750.



SIR MALCOLM SARGENT

AN IMPRESSION ON A WINDY DAY

Malcolm Sargent (1895–1967) var einn kunnasti hljómsveitarstjóri Breta um miðja 20. öld. Hann stjórnaði fjölda hljómsveita, m.a. Fílharmóníusveitum Lundúna og Liverpool, auk Hallé-hljómsveitarinnar, og átti stóran þátt í að bjarga Konunglegu fílharmóníusveitinni frá því að leysast upp á sjöunda áratug síðustu aldar. Sargent var einna frægastur fyrir starf sitt sem aðalstjórnandi Proms-tónlistarhátíðarinnar frá 1948 til 1967 og í huga ótal Breta var hann eitt kunnasta andlit klassískrar tónlistar. Það var hann sem skapaði þá hefð, sem haldist hefur allt til þessa dags, að lokatónleikar Proms-hátíðarinnar séu í léttari kantinum og að þar sé tilfinningum gefinn lausari taumur en almennt tíðkast í klassísku tónleikahaldi.

Sargent einbeitti sér nær alfarið að hljómsveitarstjórn eftir að hann náði frama í þeirri grein og fáir vita jafnvel að hann hafi samið tónlist. Verkið sem hljómar í kvöld varð örlagavaldur í lífi hans. Árið 1921 hélt Sir Henry Wood, sem hafði stofnað Proms-hátíðina og var aðalstjórnandi hennar, tónleika í Leicester og hafði pantað tónverk frá heimamanni til að leika í upphafi tónleikanna. Heimamaðurinn var Malcolm Sargent og verkið var *An Impression on a Windy Day*. Eins og oft vill verða lauk Sargent verkinu á síðustu stundu og Wood hafði ekki tíma til að læra það, svo hann bauð tónskáldinu að stjórna frumflutningnum sjálfur. Wood varð strax ljóst að hér færi hæfileikamaður og hann bauð Sargent í kjölfarið að stjórna sínum fyrstu Proms-tónleikum síðar sama ár.

Eftir þetta féll *An Impression on a Windy Day* svo að segja í gleymsku, en þegar Sargents var minnst sérstaklega á Proms-hátíðinni 2017, þegar hálf öld var liðin frá láti hans, var verkið leikið í Royal Albert Hall undir stjórn Sakari Oramo. Þá uppgötvuðu margir í fyrsta sinn tónskáldið Sargent, meðal annars hljómsveitarstjóri kvöldsins, Yan Pascal Tortelier. Hann hafði í framhaldinu samband við BBC og fékk lánaðar nótur að verkinu, sem aldrei var gefið út á prenti og hljómar nú að líkindum í fyrsta sinn á tónleikum utan Bretlandseyja.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verk eftir Malcolm Sargent og að líkindum í fyrsta sinn sem tónlist hans hljómar á Íslandi.



FELIX MENDELSSOHN

FIDLUKONSERT

Felix Mendelssohn (1809–47) var 35 ára gamall þegar hann lauk við fiðlukonsertinn sem hefur verið eitt ástsælasta verk hans æ síðan. Hann var upp alinn á einu mesta menntaheimili Berlínar og snemma kom í ljós að hann var gæddur einstökum hæfileikum. Mendelssohn var eitt fjölhæfasta undrabarn allra tíma; fyrir fimmtánda afmælisdag sinn hafði pilturinn samið fimm konserta, fjórar óperur og þrettán sínfóníur fyrir strengi. Sautján ára samdi hann forleikinn fræga við *Draum á Jónsmessunótt* og í Berlín stýrði hann tvítugur að aldri flutningi á *Matteusarpassíu* Bachs sem var einn af merkisáföngum Bach-endurreisnarinnar á 19. öld.

Fiðlukonsertinn í e-moll samdi Mendelssohn fyrir Ferdinand David, sem var konsertmeistari Gewandhaus-hljómsveitarinnar í Leipzig og naut virðingar jafnt sem einleikari og kennari. Mendelssohn gat fyrst um verkið í bréfi til Davids sumarið 1838. En David þurfti að biða í sex ár enn og eftir því sem verkið tók á sig mynd fjölgaði fyrirspurnum frá tónskáldinu um hvort hitt og þetta væri mögulegt á fiðluna. Biðin var þó þess virði og flestir eru á því að tillögur Davids hafi verið mjög til bóta.

Mendelssohn kemur sér beint að efninu. Einleiksfiðlan fer á flug með upphafsstefið og síðan tekur hljómsveitin við, ólíkt því sem tíðkast í eldri konsertum þar sem hljómsveitin leikur meginstefin áður en sólistinn lætur að sér kveða. Mendelssohn er stundum legið á hálsi fyrir að hafa verið of hefðbundinn í tónsmíðum sínum, en fiðlukonsertinn sannar hið gagnstæða. Mendelssohn var vissulega „klassískur“ í besta skilningi orðsins, en hann gat einnig komið hlustendum sínum á óvart. Til dæmis er kadensan – staðurinn þar sem hljómsveitin þagnar og einleikarinn baðar sig í athyglinni um stund – á vitlausum stað miðað við það sem hefðin bauð. Yfirleitt hljómar hún undir lok þáttarins, þegar tímabært er að slá botn í kaflann með glæstri flugeldasýningu, en hér er hún staðsett í honum miðjum og leiðir tónlistina aftur á heimaslóðir; hún er ekki eingöngu skalar og skraut, heldur mikilvægur hlekkur í heildarforminu. Ekki er síður nýstárlegt hvernig Mendelssohn tengir saman alla þættina þrjá svo þeir mynda eina heild. Hægi kaflinn er eins konar ljóð án orða, og leiðir af sér stutt millispil með tregufullum fiðlutónum. Málmblásarar og pákur gefa upptakt að lokapættinum sem er glitrandi rondó, léttstígur álfadans í „Jónsmessunætur“-stílnum sem var aðalsmerki Mendelssohns alla tíð.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ruth Hermanns var fyrst til að leika fiðlukonsert Mendelssohns á tónleikum á Íslandi með hljóm-sveit, í Þjóðleikhúsinu 1954 með Sínfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Áður hafði hann hljómað hér á landi með píanomeðleik, til dæmis þegar Björn Ólafsson lék hann á tónleikum Tónlistarskólans vorið 1934, og á tónleikum Ernst Druckers í Gamla bíói 1938 þar sem Árni Kristjánsson lék á píanó. Sínfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt konsertinn 18 sinnum og meðal þeirra sem hafa leikið einleik eru Isaac Stern (1955), Michael Rabin (1961), Itzhak Perlman (1978) og Midori (2014). Fleiri hljómsveitir hafa flutt konsertinn á Íslandi. Pinchas Zuckerman lék til dæmis með Sínfóníuhljómsveit Lundúna á Listahátíð 1974 og var hljóm-sveitarstjóri André Prévin. Sínfóníuhljómsveit áhugamanna hefur flutt konsertinn, m.a. með Elfu Rún Kristinsdóttur (2005) og Geirprúði Ásu Guðjónsdóttur (2014) sem einleikara.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 7

Bað er alkunna að samtímamenn Ludwigs van Beethoven (1770–1827) furðuðu sig oft á tónlist hans, ekki síst þegar hann spreytti sig á hinum stærri formum. Þegar þriðja sinfónía hans, *Eroica*, var frumflutt árið 1805 ritaði gagnrýnandi *Allgemeine musikalische Zeitung* að Beethoven ætti það til að „týnast í stjórnleysi“ og að margt í hinu nýja verki væri „hrikalegt og stórskrýtið“. En stundum hitti Beethoven beint í mark. Sjöunda sinfónían var fullgerð í apríl 1812 og við frumflutninginn í hátíðarsal háskólans í Vínborg í desember 1813 ætlaði allt um koll að keyra. Fiðluleikarinn Ignaz Schuppanzigh, góður vinur tónskáldsins, var konsertmeistari og meðal viðstraddra var tónskáldið Louis Spohr sem lýsti tilþrifum hins nærri heyrnarlausu tónskálds frammi fyrir hljómsveitinni: „Þegar kom *sforzando* í tónlistinni sleit hann nærri því af sér handleggina með snöggum hreyfingum og þegar *forte* hljómaði stökk hann í loft upp.“ Vinir tónskáldsins höfðu um það milligöngu að tónleikarnir voru endurteknir fyrir fullu húsi og þannig komst Beethoven úr þeim fjárhagskröggum sem höfðu gert honum lífið leitt um skeið.

Vinsældir hinnar sjöundu næstu áratugina áttu sér enga hlið-stæðu meðal sinfónía meistarans. Það komst upp í vana í tónleikasölum Evrópu að klappa upp annan þáttinn, enda komst sú hefð ekki á fyrr en undir lok 19. aldar að hlustendur sætu í þögn allt þar til lokatónn verks væri dáinn út. Ekki leið á löngu þar til hægt var að kaupa sjöundu sinfóníuna í útsetningum fyrir hina ýmsu hljóðfærahópa – septett, strengjakvartett, píanó, fjórhent píanó og tvö píanó – því að brodborgarar nítjándu aldar vissu fátt betra en að láta nýjustu sinfóníur meistaranna hljóma í stásstofum sínum. Aðeins „stríðssinfónían“ *Wellingtons Sieg* (Sigur Wellingtons), sem var frumflutt á sömu tónleikum 1813 og lýsir sigri hertogans af Wellington á herdeildum Napóleons í orrustunni við Vittoria á Spáni, naut meiri hylli meðal almennings en sjöunda sinfónían. Það verk er í dag flestum gleymt og þykir sönnun þess að vinsældir meðal samtímamanna segja ekki alltaf til um raunverulegt gildi listaverka.

Sjöunda sinfónía Beethovens er að ýmsu leyti einstök meðal sinfóníusmiða hans. Í henni er til dæmis enginn hægur kafli. Jafnvel þótt annar kafli verksins (*Allegretto*) hafi um áratuga skeið verið leikinn langt „undir tempói“ eru hljómsveitarstjórar nútímans nú almennt teknir að átta sig á því að hann er aðeins hægur í samanburði við það sem kemur á undan og eftir. Hægur

inngangurinn að fyrsta kaflanum er aftur á móti sá lengsti í öllum sínfóníum Beethovens. Sérstaða verksins felst öðru fremur í hinni einstöku lífsgleði sem stafar frá hverri einustu nótu. Berlioz kvaðst heyra bændadans í fyrsta þættinum, tónlistarfræðingurinn Paul Bekker líkti verkinu við „orgíu Bakkusar“ og Richard Wagner lýsti því yfir að sínfónían væri „upphafning dansins“.

Inngangurinn að fyrsta þætti spannar nokkrar ólíkar tóntegundir, sumar harla fjarskyldar þeirri tóntegund sem Beethoven valdi verkinu í heild. Fagurt óbóstef hljómar tvisvar en síðan hægist smám saman um. Loks er ekki eftir nema einn tónn, síendurtekinn, sem flæðir yfir í aðalkaflann og myndar kjarnann að meginstefinu. Annar kaflinn er eins konar tilbrigði þar sem skiptast á tvö stef, annað ábúðarfullt í moll sem vex í styrk í hvert sinn sem það heyrir, hitt öllu blíðara í dúr, hnígandi og rísandi tónstigir þar sem klarínnett og fagott eru í forgrunni.

Þriðji kaflinn er *scherzo*, eitt hið fjörugasta sem Beethoven samdi. Tónlistin þeytist áfram í fjögurra takta hendingum, en stundum leikur tónskáldið á hlustandann með því að skeyta inn tóktum sem koma hinni reglulegu hendingaskipan í uppnám. Eins og í nokkrum öðrum verka sinna – til dæmis fjórðu sínfóníunni – fer Beethoven tvisvar í gegnum hið hefðbundna form (*scherzo* – tríó – *scherzo*), svo að miðkaflinn, þar sem blásarar eru í forgrunni, er endurtekinn í heilu lagi. Svo virðist sem kaflinn muni jafnvel hljóma í þriðja sinn áður en upp er staðið, en skyndilega slær Beethoven botninn í allt saman með nokkrum voldugum hljómunum. Lokabátturinn einkennist af sömu óbeisludu lífsgleðinni og hinir fyrri, og enn er það lítið og sakleysislegt hrynmótíf sem tengir saman hin ólíku – en sannarlega fjörugu – stef.

Sjöunda sínfónía Beethovens markaði að vissu leyti tímamót á ferli Beethovens, ásamt þeirri áttundu sem fylgdi strax á eftir. Hetjuskeiðinu svonefnda, sem talið er hefjast um 1802, lauk 1812, árið sem hann fullgerði þessi tvö stóru verk. Næstu ár einkenndust af vonbrigðum og illdeilum í einkalífi Beethovens og afköst hans á árunum 1813–18 voru ekki svipur hjá sjón. Þó voru þessi ár ekki með öllu glötuð. Í þögninni gafst honum færi á að endurmeta stíl sinn, skapa nýtt tónmál sem átti sér ekki hliðstæðu í list samtímans. Þar fann hann frelsi til að gera enn nýstárlegri tilraunir en áður, óheftur af takmörkunum ytri veruleika.

Arni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjöunda sínfónía Beethovens heyrðist fyrst á Íslandi í lðnó í júní 1926, flutt af Filharmóníuhljómsveit Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs. Sínfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt hana margoft og meðal stjórnenda hafa verið Olav Kvelland (1955), Bohdan Wodiczko (1961), Daniel Barenboim (á Listahátíð 1970), Jean-Pierre Jacquillat (1979), Osmo Vänskä (1993), Eivind Aadland (2005), Hannu Lintu (2011) og Andrew Litton (2014). Fleiri héraendrar sveitir hafa einnig leikið verkið, m.a. Sínfóníuhljómsveit Norðurlands og Sínfóníuhljómsveit áhugamanna.

Á DÖFINNI



FÖS **29** MAR 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN - DANSANDI SINFÓNÍA

Bergrún Snæbjörnsdóttir hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir verk sín, sem hafa meðal annars hljómað í flutningi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Ósló og International Contemporary Ensemble (ICE) í New York. Á síðari föstudags-tónleikum vetrarins hljómar nýtt verk eftir Bergrúnu, pantað af Önnu Þorvaldsdóttur og Sinfóníuhljómsveit Íslands og sérstaklega samið fyrir hljóðfærleikara úr hljómsveitinni. Á dagskránni er einnig sjöunda sinfónía Beethovens, eftirlætisverk tónlistarunnenda um allan heim. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason.



FIM **11** APR 19:30

ISABELLE FAUST OG MAHLER

Isabelle Faust er einn fremsti fíðluleikari samtímans og mörgum er enn í fersku minni túlkun hennar á fíðlukonsertum Beethovens og Stravinskíjs þegar hún var staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2010–2011. Síðan hefur stjarna hennar risið enn hærra í tónlistarheiminum. Þegar Gustav Mahler lést árið 1911 skildi hann eftir sig tíundu sinfóníuna svo að segja fullgerða. Hann hafði aðeins lokið við að útsetja fyrsta þáttinn fyrir hljómsveit en árið 1960 fullgerði breski tónlistarfræðingurinn Deryck Cooke verkið og tókst það frábærlega. Osmo Vänskä, heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, og einn fremsti Mahler-túlkandi samtímans, stjórnar tónleikunum.



MÍD **03** APR FIM **04** APR FÖS **05** APR 19:30

BÍÓTÓNLEIKAR – STAR WARS


Stjörnustríð eða Star Wars er ein frægasta kvikmyndasýrpa allra tíma. Fyrsta myndin, frá árinu 1977, sló strax í gegn og má segja að ekkert lát hafi orðið á vinsældunum síðan. Nú eru myndirnar alls orðnar átta og sagan sem þar er sögð er ævintýralegrri en nokkurn óraði fyrir í upphafi. John Williams hefur samið tónlistina við allar Stjörnustríðsmyndirnar og sópað til sín verðlaunum fyrir verk sitt. Í upphaflegu myndinni frá 1977 lék Sinfóníuhljómsveit Lundúna tónlistina, en á þessum tónleikum verður myndin sýnd við lifandi flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta eru tónleikar sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af. Hljómsveitarstjóri er Ted Sperling.

NÝIR DISKAR MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



GOUNOD SYMPHONIES


Í dag kom út nýr geisladiskur þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur sinfóníur nr. 1 og 2 eftir franska tónskáldið Charles Gounod. Hljóðritunin fór fram í Hörpu í maí 2018 en á síðasta starfsári lék hljómsveitin báðar þessar sinfóníur á áskriftartónleikum. Sinfóníur Gounods eru að margra dómi vanmetin meistaraverk en hann var eitt dádasta tónskáld Frakklands á sinni tíð. Af verkum hans þekkja flestir í dag óperuna Fást og Ave Maria, laglínu sem hann samdi yfir hljómagang úr prelúdíu Bachs í C-dúr. Sinfóníurnar voru frumfluttar árin 1855 og 1856 og eru ásamt sinfóníu Bizets í C-dúr (sem einmitt var samín undir handleiðslu Gounods) taldar meðal fremstu sinfónía fransks tónskálds frá miðri 19. öld. Hljómsveitarstjóri á disknum er Yan Pascal Tortelier, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



EDDA II – LÍF GUÐANNA

Í júní næstkomandi kemur út á geisladiski hljóðritun BIS á stórvirkinu *Edda II – Líf guðanna* eftir Jón Leifs. Verkið var frumflutt í mars 2018 á tónleikum sem voru framlag Sinfóníuhljómsveitar Íslands til 100 ára fullveldisafmælis Íslands. Það hlaut frábærar viðtökur áheyrenda jafnt sem gagnrýnenda og voru tónleikarnir tilnefndir til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónlistarviðburður ársins. Hljóðritunin var gerð í kjölfar þeirra tónleika en ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands taka þátt í flutningnum Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar og einsöngvararnir Hanna Dóra Sturludóttir, Elmar Gilbertsson og Kristinn Sigmundsson. Hljómsveitarstjóri er Hermann Bäumer.

Óratorían *Edda* er stærsta verk Jóns Leifs og eitt metnaðarfullsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu, risavaxin tónsmíð sem spannar þrjú kvöld, byggð á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu og átti að vera eins konar andsvar við Niflungahring Wagners. Segja má að smíði þessa verks hafi verið drjúgur hluti ævistarfs Jóns því hann hóf að leggja drög að *Eddu I* um 1930 en náði ekki að ljúka þriðju óratoríunni áður en hann lést árið 1968. Fyrsti hluti verksins, *Edda I: Sköpun heimsins*, var frumfluttur í heild árið 2006 og útgáfa verksins á geisladiski vakti heimsathygli og fékk frábæra dóma.



KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Mjólkar þú kýrnar við undirleik Mozarts? Eða setur Verdi á fóninn þegar þú vaskar upp? Manstu eftir fyrsta tónverkinu sem þú táraðist yfir?

HEFUR TÓNLIST BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Tónlist vekur hjá okkur djúpar tilfinningar, tengist dýrmætum minningum og bindur okkur við fólkid sem okkur þykir vænt um. Nú leitar Sinfóníuhljómveit Íslands að tónlistarsögunum ykkar: Sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á ykkur, hvernig þau minna ykkur á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið.

Segðu okkur frá þínu eftirlætis tónverki, íslensku eða erlendu, og hvers vegna það er í uppáhaldi – hvernig það tengist lífi þínu. Hver veit nema verkið þitt – og sagan þín – verði öðrum innblástur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg, sem sýndir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpinu föstudagskvöldið 1. september.

Tillögur að verkum ásamt frásögnum óskast á netfangið klassikin@ruv.is eða inn á vefinn www.ruv.is/klassikin fyrir 1. apríl.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott **ástarsamband**, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

28. MARS 2019

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Laufey Jensdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Justyna Bidler
Pétur Björnsson
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Þórdís Stross
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Lucja Koczot
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásta Kristín Pjetursdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Lovísa Fjeldsted
Júlía Mogensen
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Clara Perez Sedano
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Ignas Mazvila
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Asbjørn Bruun
Rodrigo Ortiz Serrano
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Rommel Alexander Guasumba Muñoz

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

STAR WARS™

A NEW HOPE
Á BÍÓTÓNLEIKUM



KVIKMYNDIN MEÐ LIFANDI TÓNLIST

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI TED SPERLING

3., 4. OG 5. APRÍL

MIÐASALA Á SINFONIA.IS OG HARPA.IS

TÓNLIST EFTIR **JOHN WILLIAMS**

PRESENTATION LICENSED BY



IN ASSOCIATION WITH 20TH CENTURY FOX, LUCASFILM AND WARNER /CHAPPELL MUSIC.
© 2019 & TM LUCASFILM LTD. ALL RIGHTS RESERVED © DISNEY



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS